

Skilmálar vefverslunar Samsýnar fyrir Esri vörur

Með því að nota vefverslun Samsýnar (kt. 670295-2739), Háaleitisbraut 58-60 (hér eftir nefndur **seljandi**) fyrir Esri vörur samþykkir þú sem **kaupandi** neðan greinda skilmála. Vinsamlegast lesið skilmálana vel því þeir innihalda mikilvægar upplýsingar um kaupin og notkun þeirra vara sem keyptar eru.

RÉTTUR TIL BREYTINGA Á SKILMÁLUM.

Seljandi áskilur sér rétt til að breyta þessum skilmálum, að hluta eða heild, hvenær sem er án þess að tilkynna það fyrir fram, með því að uppfæra þá á vefsíðu okkar. Kaupendum er því ráðlagt að kynna sér skilmálana reglulega og sérstaklega áður en kaup eru gerð.

SKRÁNING:

Áður en kaup eða pöntun eru gerð þarf kaupandi að stofna og skrá viðskiptamannareikning hjá seljanda. Kaupandi samþykkir að útvega þær upplýsingar sem seljandi telur þörf á og að halda þeim við þannig að þær séu réttar á hverjum tíma. Kaupandi er ábyrgur fyrir því að halda upplýsingum um notandanafn og lykilorð leyndum fyrir öðrum enda ber hann fulla ábyrgð á öllum aðgerðum sem framkvæmdar eru með viðskiptamannareikningi hans.

Kaupandi samþykkir að upplýsa seljanda um alla heimildarlausu notkun reikningsins um leið og hann verður var við eða fær grun um slíkt. Slíka misnotkun ber að tilkynna tafarlaust á netfangið esrisala@samsyn.is. Seljandi ber hvorki beina né óbeina ábyrgð á því tjóni sem kann að hljóta af misnotkun reikningsins eða töf á að loka honum um leið og grunur vaknar um að öryggi hans sé í hættu.

VERÐ:

Verð eru gefin upp í Íslenskum Krónum (ISK). Verð eru gefin upp án virðisaukaskatts, sem bætist við verð vörunnar áður en endanleg innkaup eru samþykkt.

GREIÐSLA OG AFHENDING:

Með því að staðfesta pöntun á Esri vöru í vefverslun seljanda samþykkir kaupandi að greiða að fullu verð vörunnar að viðbættum þeim sköttum sem við eiga. Einungis er tekið við greiðslu með kreditkorti eða innkaupabeiðni. Seljandi áskilur sér rétt til að breyta leiðum til greiðslu hvenær sem er.

Einungis er tekið við innkaupabeiðni sem greiðslu frá skráðum íslenskum fyrirtækjum, en aldrei einstaklingum. Til að eiga möguleika á að notast við innkaupabeiðni við kaup á vörum þarf viðkomandi notandi að gera sérstakan samning þar um við seljanda. Einungis er hægt

að nota innkaupabeiðnir við kaup á ákveðnum Esri vörum, sem seljandi ákveður hverjar eru. Ef kaupandi hefur möguleika á að ljúka kaupunum með innkaupabeiðni mun sá möguleiki birtast honum í vefversluninni á upplýsingasíðu um pöntunina (**blaðsíða n af m**). Kaupandi getur ekki bætt við öðrum skilmálum en þessum við innkaupabeiðnir, nema til að útskýra frekar fjölda og lýsingu þeirra vara sem hann ætlar að kaupa. Slíkir skilmálar hafa ekki gildi til viðbótar við þessa skilmála nema seljandi hafi samþykkt þá skriflega.

Þegar greitt er með kreditkorti felst í því staðfesting á að kaupandi hafi rétt til að nota viðkomandi kreditkort og gefur jafnframt seljanda leyfi til að gjaldfæra það fyrir kaupunum. Kaupandi ber ábyrgð á að fylla út allar nauðsynlegar upplýsingar og staðfestingu í greiðslugáttinni til að gjaldfærsla sé möguleg. Kortið verður skuldfært um leið og pöntun er lokið og kaupandi fær staðfestingu þar um í tölvupósti ásamt leiðbeiningum um hvernig hægt er að nálgast vöruna rafrænt.

SJÁLFVIRK ENDURNÝJUN LEYFA AF VÖLDUM ESRI VÖRUM:

Sumarvörur í vefversluninni bjóða upp á þann möguleika að endurnýja áskriftartímabilið eða leyfið sjálfvirk. Þessi möguleiki er einungis í boði fyrir þá sem greiða með kreditkorti og birtist kaupanda áður en kaup eru staðfest. Með því að velja sjálfvirka endurnýjun samþykkir kaupandi að leyfin verði endurnýjuð sjálfvirk áfram fyrir komandi tímabil, sem eru jafn löng upphaflega kauptímabilinu og taka við að því loknu.

Verð fyrir endurnýjaða áskrift verður birt á reikningi kaupanda í vefversluninni og getur það verið annað en upphaflegt verð. Áður en að endurnýjun kemur mun seljandi senda kaupanda a.m.k. einn tölvupóst til að minna á væntanlega endurnýjun og verð varanna við endurnýjun.

Við endurnýjun leyfa verður kreditkortið, sem var skráð við upphafleg kaup, notað og skuldfært fyrir uppsettu verði auk viðeigandi skatta. Það verður gert uns kaupandi afskráir eða breytir kreditkortinu sem er notað við kaup.

Kaupandi getur hætt við sjálfvirka endurnýjun leyfa hvenær sem er fram að næstu endurnýjun. Leiðbeiningar um hvernig það er gert verða sendar í tölvupósti til kaupanda að loknum upphaflegum kaupum og hverja endurnýjun.

VERNDUN UPPLÝSINGA:

Seljandi skráir hvorki né geymir neinar upplýsingar um kreditkort í sínum kerfum. Upplýsingum um greiðslur með kreditkortum er safnað af Bandarísku greiðslufyrirtæki, Spreedly Inc. („**Spreedly**“). Athugið að þær upplýsingar eru unnar utan Íslands. Kaupendur eru hvattir til að kynna sér stefnu Spreedly um verndun upplýsinga, sem eru aðgengilegar á

heimasíðu fyrirtækisins á slóðinni, <https://www.spreadly.com/privacy>. Í því sambandi vekjum við athygli á hlutanum um notendur í Evrópu . Með því að greiða með kreditkortu er kaupandi að staðfesta að hafa lesið, skilið og samþykkt skilmála Spreadly um verndun upplýsinga.

Farið verður með allar upplýsingar í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þar sem við á.

Með því að nota vefverslun seljanda er kaupandi einnig að staðfesta að hann hafi lesið, skilið og samþykkt skilmála seljanda um verndun upplýsinga. Vinsamlegast lesið og kynnið ykkur stefnu seljanda um verndun upplýsinga, sem er aðgengileg á heimasíðu fyrirtækisins á slóðinni <https://samsyn.is/verslun/almennirskilmalar>. Sú stefna er órjúfanlegur hluti af notkun vefverslunarinnar.

ENDURGREIÐSLA:

Ef einhver vara frá Esri uppfyllir ekki væntingar kaupanda, þá má skila henni innan 30 daga frá kaupum. Í því tilfalli þarf kaupandi að hafa samband við söludeild seljanda í síma 570 0570 eða á netfangið esrisala@samsyn.is. Þá verður veitt nauðsynleg aðstoð við að skila vörinni.

VILLUR:

Seljandi reynir eftir fremsta megni að tryggja áreiðanleika upplýsinga í vefversluninni. Aftur á móti ábyrgjumst við ekki að upplýsingarnar séu að fullu nákvæmar og ná yfir allt. Seljandi hefur rétt á að leiðrétta villur og uppfæra upplýsingar í vefversluninni hvenær sem er án þess að tilkynna það sérstaklega. Í því tilfalli að upp kemur villa við meðhöndlun pöntunar, hefur seljandi rétt til að leiðrétta villuna og laga pöntunina eða hætta við pöntunina og endurgreiða kaupanda þá upphæð sem var skuldfærð. Eini réttur kaupanda í tilfalli villna er að hætta við kaupin og fá endurgreidda þegar gjaldfærða upphæð.

NOTKUNARSKILMÁLAR ESRI VARA:

Esri er réttihafi allra Esri vara sem seldar eru í vefverslun seljanda.

Nema annað sé sérstaklega tekið fram í undirritaðri yfirlýsingu er notkun Esri varanna bundin almennum notkunar- og leyfaskilmálum Esri, sem eru aðgengilegir á ensku á vefsíðu Esri á slóðinni <https://www.esri.com/en-us/legal/terms/master-agreement-product>. Esri getur uppfært skilmálana reglulega en nýjasta útgáfan er aðgengileg á ofangreindri slóð og eru kaupendur hvattir til að kynna sér skilmálana reglulega til að átta sig á mögulegum breytingum.

Leyfaskilmálar margra Esri vara eru skilgreindir sem „click-through“ leyfi og þá þarf notandi að samþykkja skilmálana við uppsetningu viðeigandi hugbúnaðar og eru þeir bindandi við notkun hans.

Notkunarskilmálar Esri gilda um öll kaup í vefversluninni. Í því tilfalli að kaupandi hefur gert sérstakan leyfasamning við seljanda og Esri er hægt að láta þann samning ná yfir kaupun, en einungis með skriflegu samþykki seljanda.

VIÐHALD OG STUÐNINGUR VIÐ ESRI VÖRUR:

Seljandi er dreifi- og þjónustuaðila Esri vara á Íslandi og þeirra vara sem keyptar eru í vefversluninni. Seljandi veitir þjónustu og stuðning við notkun vörunnar í samræmi við skilmála Esri eins og þeir eru birtir á heimasíðu Esri á slóðinni <https://www.esri.com/en-us/legal/terms/maintenance>.

TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR:

Seljandi er ekki undir neinum kringumstæðum ábyrgur fyrir tjóni sem kann að hljótast af notkun vefverslunar eða því að ekki er af einhverjum ástæðum unnt að nota hana við innkaup, þar með talið, en ekki eingöngu, tjón vegna rekstrartaps, afnotamissis eða útlagðs kostnaðar.

Seljandi ber enga ábyrgð á tjóni vegna villna sem kunna að koma upp í vefversluninni.

Kaupandi samþykkir að gera ekki seljanda, stjórnendur, starfsmenn eða fulltrúa hans ábyrga fyrir tjóni sem hljótast kann af notkun vefverslunarinnar eða brotum á þessum skilmálum.

ÓVIÐRÁÐANLEG ATVIK:

Seljandi verður ekki krafinn um bætur vegna viðskipta í vefverslun þessari, ef óviðráðanleg atvik (force majeure), svo sem vinnudeilur, náttúruhamfarir, styrjaldir, lög, reglugerðir eða önnur atvik sem ekki eru sök seljanda eða í hans valdi að ráða við, koma í veg fyrir efndir þeirra.

LÖG:

Skilmálar þessir eru í samræmi við íslensk lög. Rísi mál vegna þeirra skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samþykkt skilmála: 11.9.2024